

Reglur fyrir A og B Landslið DSÍ

1. grein

Landsliðsþjálfarar á hverjum tíma eru starfsmenn DSÍ og ákveða þeir í samráði við landsliðsnefnd hvernig staðið er að æfingum og hvar þær eru haldnar. Landsliðsnefnd hefur yfirumsjón með landsliði DSÍ og sér um að skila greinagerðum til stjórnar DSÍ.

2. grein

Allir sem eru í A og B landsliðum DSÍ skulu hafa siðareglur ÍSÍ og DSÍ að leiðarljósi. Í keppnisferðum erlendis skal farið eftir reglugerð ÍSÍ um keppnisferðir.

3. grein

Það er ætlast til að þeir sem eru í A og B landsliðum DSÍ stundi fullar æfingar með sínu íþróttafélagi jafnframt því að mæta á allar boðaðar landsliðsæfingar. A og B landsliðshópar DSÍ eru fyrirmyndir annara danspara og skulu haga sér samkvæmt því í hvívetna.

4. grein

Þeir sem ekki komast á æfingar þurfa að tilkynna það til DSÍ dsi@dsi.is með góðum fyrirvara. Sannarleg veikindi og búseta/keppnisferðir erlendis eru það eina sem dregst frá mætingarskyldu. Það þarf að tilkynna um önnur forföll svo ekki sé verið að bíða eftir einhverjum sem ekki ætlar að mæta.

5. grein

Þeir sem ekki mæta ítrekað á boðaðar landsliðisæfingar (án sannanlegra tilkynninga um forföll) gætu átt á hættu að vera vísað úr landsliðshópnum.

6. grein.

Ef eitthvert paranna hættir að dansa saman eftir að hafa verið valið í A eða B landsliði þá fellur viðkomandi par sjálfkrafa úr hópnum.

7. grein

Hægt að vísa danspörum úr A eða B landsliði vegna óíþróttamannslegrar hegðunnar innan sem utan dansgólfsins, á mótum hér á landi sem og erlendis.

8. grein

Foreldrar, forráðamenn og þörin sjálf geta ákveðið að viðkomandi hætti í landsliðinu.

9. grein

Landsliðsþjálfara/urum er heimilt að skipta landsliðinu í tvo flokka, yngra og eldra landslið og/eða A og B landsliði, telji þeir ástæðu til og gætu því hóparnir æft á mismunandi tímum.

10. grein

Dansþörin sjálf og aðstandendur, sem ekki eru sáttrir við hvernig hvernig staðið er að A og B landsliðsæfingum eiga að koma sínum kvörtunum á framfæri við DSÍ, með formlegum hætti. Það á ekki að hafa beint samband við landsliðsþjálfara.

11. grein

Allir styrkir sem DSÍ veitir vegna keppnisferða eru háðir því skilyrði að viðkomandi sé jafnframt í A eða B landsliði DSÍ. Þetta þýðir að ef par, sem hefur unnið sér inn keppnisrétt, er vísað af einhverjum ástæðum úr landsliðinum þá heldur það keppnisréttinum en fær ekki styrk frá DSÍ til ferðarinnar.

12. grein

Dansípróttasambandið, landsliðsnefnd og landsliðspjálfarar leggja á sig mikla vinnu og peninga til að halda úti starfi landsliðshóps. Það starf er ekki sjálfgefið og því krafa allra þessa aðila að virðing sé borin fyrir því starfi.

Samþykkt á stjórnarfundum 13. september 2015